

Kennsluáætlun í ensku skólaárið 2022-2023

4. - 7. bekkur

Kennari: Mekkín Guðmundsdóttir

Enskukennsla í 4.-7. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á 2. stigi. Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist enskan í eftirfarandi þætti: Hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluaðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám og eru leikir og spil mikið nýtt sem kennsluaðferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera enskuna að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu, að lesa upphátt og segja frá og er lögð áhersla á framburð og orðaforðavinnu. Unnið er með grunnmálfræði m.a. í gegnum ritun og spil. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

Notast er við: Spil-lestrarbækur-myndbönd-hlusturnarefni-dagblöð-útprintanlegt efni af vef, lesskilningsverkefni o.fl.

Námsmat: Námsmatið tengist lykillæfni Aðalnámskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Hlustun

Við lok 2. stigs getur nemandi:

Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áhreyrilega

- Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.
- Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á enskar fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.
- Hlustað á ensk lög og skilað kynningu á þeim.

Lesskilningur

Við lok 2. stigs getur nemandi:

Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snerir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.

Leiðir að markmiðum

- Nemendur fá stutta texta og verkefni sem krefjast þess að þau skilji efnið og geti unnið með þá á fjölbreyttan hátt.
- Nemendur lesa léttlestrarbækur og vinna verkefni með. Bókaklúbbur að lestri loknum þar sem nemendur ræða bækurnar í hóp.
- Tímaritsgreinar og fréttir og unnið með efnið úr þeim.
- Þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga og finna lyklatríði í texta sem nýtist þeim í verkefninu.

Samskipti og frásögn

Við lok 2. stigs getur nemandi:

Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigand kurteisisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugsmál sín og daglegt líf.
- Þjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verzlunum og veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Við lok 2. stigs getur nemandi:

Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendurhonum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðval.

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráforumum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, myndar o.s.frv.

- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atrið eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Lögð er rík áhersla á:

- að allir nemendur fái tækifæri til að tjá sig og eiga samskipti við hvort annað sem og kennarann á ensku

Leiðir að markmiðum

- Leikir og spil þar sem nemendur þurfa að tala saman.
- Upplstur í tíma
- Frjálsar umræður í tíma með áherslu á orðaforða og framburð.
- Verkefni með upplestri og kynningu í lokin.

Ritun

Við lok 2. stigs getur nemandi:

Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þes algengustu tengiorð í textanum og notað til þes algengustu tengiorð og greinamerki.

- Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Leiðir að markmiðum

- Ný og óþekkt orð í texta notuð í setningagerð. (auka orðaforðann).
- Ritun nýtt í kennslu málfræðireglna (setningar, sögur, dagbók).
- 10 mínútna frjáls ritun í byrjun tíma (reglulega yfir skólaárið).
- Sögugerð um ákveðið efni eða tengd málfræði, t.d. lýsingarorðasaga, sagnorðasaga.

Nemendur fá kynningu á eftirtöldum málfræðiatríðum og er unnið með þau á fjölbreyttan og hlutbundin hátt. Spil eru mikið notuð við kennslu:

Spurnarfornöfn; sagnir-nútíð/þátíð; nafnorð-kyn, greinir, eintala/fleirtala; tölur, algengar forsetningar, lýsingarorð.

Menningarläsi

Við lok 2. stigs getur nemandi:

Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.

- Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Leiðir að markmiðum

- Verkefni unnin tengd Bretlandi og N-Ameríku, menningu þess og hefðum (jól, páskar og aðrar hátíðir).
- Samræður í bekk um hvað er líkt og ólíkt með menningunni í Bretlandi, N-Ameríku og á Íslandi.
- Verkefni og samræður í bekk um tengsl orða, hvað er líkt og ólíkt.
- Hlustað á ensk/amerísk lög og horft á breska og N-Ameríska sjónvarpsþætti, skoðum hvort einhver munur er á þeim.

Námshæfni

Við lok 2. stigs getur nemandi:

Sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í námi og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.

- Beitt lyklnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefinu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðning frá kennara.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflattirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Leiðir að markmiðum:

- Tengsl enskra orða við íslensku rædd reglulega í tíma.
- Lögð er áhersla á notkun orðabóka bæði á netinu sem og bók og mikilvægi þess að orð séu rétt slegin inn. (gagnrýnin hugsun).
- Skoða í hvaða orðflokki orðið er út frá stofninum og endingu orðsins.
- Unnið sjálfstætt, í þörum og í samvinnu við aðra.
- Lögð er áhersla á samræður í bekk þannig að allir fái að tjá sig.